



Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur

## Aldursgreining skelja við Selfljót



Selfljót þarf vart að kynna fyrir Austfirðingum þar sem það liðast lygnt í svigðum út Hjaltastaðaðaþinghá. Upptök þess eru í Vestdalsvatni undir Bjólfi, heitir áin fyrst Gilsá þar sem hún fellur niður Gilsárdal, síðan Selfljót er komið er niður á sléttlendið og loks fellur það til sjávar í Unaósi norðan undir Ósfjöllum.

**B**rú er á Selfljóti að Hjaltastað og vegur upp með ánni að austan að Rauðholti og Hreimssstöðum. Við Rauðholt tekur Selfljót sveig til vesturs þar sem Breiðanes gengur fram undan Rauðholti og við ofanvert nesið brýtur áin úr um 3 m háum bökkum sem gerðir eru úr lagskiptum fínsandi og silti. Jafnóðum og áin hreinsar bakkann koma strjálur skeljar og skeljabrot fram úr mélu og leirkennu setinu. Í byrjun september 1999 fór ég um bakkana og hreinsaði upp það sem áin hafði leitt fram undanfarnar vikur. Mest bar þar á hallloku en einnig fannst rataskel og smáar skeljar sem líklega eru lýsuskel. Sýni af skeljunum var aldursgreint hjá Beta Analytical í Florida í USA og er óleiðréttur kolefnisaldur þeirra  $9260 \pm 100$  14C ár BP. Svokallaður leiðréttur aldur þessara skelja er  $8840 \pm 100$  14C ár BP. Þessi leiðrétti aldur byggir á að leiðrétt er fyrir aldri sjávar með því að draga 365–400 ár frá greindum aldri svo aldurinn verði samanburðarhæfur við greiningar á þurrlendis- og ferskvatnsgróðri.

Breiðanes við Selfljót er í 10–15 m hæð yfir sjó og aldurinn á skeljunum sýnir að snemma á nútíma hafi sjór legið yfir láglandinu. Þetta er í samræmi við viðteknar skoðanir á sjávarstöðu við landið eftir að síðasta jökulskeiði lauk. Eftir að jöklar hörfuðu inn Fljótsdalshérað og úr Lagarfljóti fylgdi sjór á eftir og þar sem ár báru

fram mikið efni í óseyrar við þáverandi strönd eru nú miklir malarhjallar. Dæmi um slíkt er í utanverðum Skriðdal og við mynni Norðurdals í Fljótsdal þar sem vel formaðir malarhjallar liggja í 50 m hæð yfir sjó.

Þegar litast er um í Hjaltastaðaðaþinghá sjást víða jökulnúnar klappir en nokkru utan við Lagarfoss verður snögg breyting á og þar sem innar eru ávalar, jökulnúnar klappir taka skyndilega við hvassbrýndar og tindóttar bríkur með skýr einkenni sjávarrofs. Hliðstæðar klappir sjást einnig í lághlíðum Ósfjalla, svo sem nærri Hrafnabjörgum. Slíkt sjávarrof tekur jafnan langan tíma og má ætla að lengi hafi verið jökullaust á þeim slóðum eða mælt a.m.k. í þúsundum ára áður en síðasta jökulskeiði lauk.

*Selfljótið liðast um sveitir.*

*Mynd: Ágúst Guðmundsson.*

*Bakkar Selfljóts.*

*Mynd: Ágúst Guðmundsson.*

